

Ráðstefna um raunfærnimat í atvinnulífinu:

Viðurkenning á færni til starfa - Notkun aðferðafræði raunfærnimats í ákveðnum störfum

Viðurkenning á færni byggir upp sjálfstraust og hvetur til náms, sérstaklega ef starfsmenn geta haldið áfram að þróa færni sína í framhaldi af raunfærnimati. Í þessu samhengi getur verið mjög mikilvægt að tengja raunfærnimat og færniuppbyggingu á vinnustað við innlenda viðmiðaramma um menntun og evrópska viðmiðarammann um ævinám (NQF/EQF).

Á ráðstefnunni verður fjallað um aðferðafræði í raunfærnimati fyrir fólk með stutta skólagöngu sem hefur byggt upp færni sína í ákveðnum störfum á vinnumarkaði. Áhersla er líka á hvernig þróa megi viðeigandi viðmið/lærdómsviðmið út frá færnikröfum starfa og hvernig megi tengja þau við innlenda viðmiðaramma um menntun og evrópska viðmiðarammann um ævinám (NQF/EQF).

Unnið verður með eftirfarandi lykilspurningar:

- Hvernig geta hagsmunaaðilar komið á og undirbúið raunfærnimat fyrir færni í starfi?
- Hvernig má skilgreina færni viðmið fyrir sérstök störf?
- Hvernig má samræma færni viðmið starfa og viðmið NQF/EQF?
- Hvert er hlutverk ráðgjafar og stuðnings í raunfærnimatsferlinu?

Ráðstefnan fer fram í Kaupmannahöfn þann 7. október í Kosmopol ráðstefnumiðstöð á Fiolstræde 44.

Sjá nánari upplýsingar í viðhengi og einnig á www.revow.eu

Skráning á: www.revow.eu/final-conference/

Ekkert þátttökugjald.

Umsjón:

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Íslandi

Professionshøjskolen, Danmörku

University of Patras, Grikklandi

Irish Congress of Trade Unions, Írlandi



Education and Culture

Leonardo da Vinci